Fullgild rafræn undirskrift
ÓSKAR ÍSFELD SIGURÐSSON
2026-10-31 10:05:00 GMT
Ástæða: Undirskrift

Afgreiðslufundur

Árið 2026, föstudaginn 30. október kl. 11:00 var haldinn 1941. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Friðrik Hjörleifsson, Anna Jóhannesdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Brauðs Útgerðar ehf., kt. 570317-0830, dags. 3. júní 2026, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús, þar sem aðeins er boðið upp á tilbúið brauðmeti og forpökkuð matvæli (Brikk) að Köllunarklettsvegi 1, F2015799, rými 01 0102. Ný starfsemi.
   Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.*

2. Lögð fram umsókn Brauðs Útgerðar ehf., kt. 570317-0830, dags. 1. júní 2026, um skráningu á veitingastað (Brikk) að Köllunarklettsvegi 1, F2015799, rými 01 0102. Ný skráning.
   Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi*.

3. Lögð fram umsókn Kaffi Rosenbergs ehf., kt. 460520-0450, dags. 25. ágúst 2026, um starfsleyfi fyrir veitingastað; krá (Café Rosenberg) að Hafnarstræti 5, F2002584, rými 01 0102 og 01 0003. Ný starfsemi.
   Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.*

4. Lögð fram umsókn Kaffi Rosenbergs ehf., kt. 460520-0450, dags. 23. október 2026, um skráningu á veitingastað (Café Rosenberg) að Hafnarstræti 5, F2002584, rými 01 0102 og 01 0003. Ný skráning.
   Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.* Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi.* Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.*

Fundi slitið kl. 11:20

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Anna Jóhannesdóttir

Friðrik Hjörleifsson